FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Lýðheilsa með áherslu á kynheilbrigði
Námsgrein:	lýðheilsa
Viðfangsefni:	Kynheilbrigði
Skammstöfun:	LÝÐH1KY02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Áfanginn fjallar um kynheilbrigði, samskipti í nánum samböndum og almenna kynfræðslu. Áhersla verður lögð á opnar umræður um ólíkar tilfinningar, þarfir, langanir og sjálfsþekkingu einstaklinga.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • kynþroskaskeiðinu • eigin mörkum og mikilvægi þess að virða mörk annarra • hugtökum um líkamshluta og kynlíf • mikilvægi kynheilbrigðis • algengum kynsjúkdómum og getnaðarvörnum • hugtakinu kynhneigð • ábyrgri kynhegðun.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • bera virðingu fyrir sjálfum sér • íhuga og kanna eigið viðhorf til kynlífs • þekkja líkama sinn, starfsemi og vita hvaða hlutverki helstu líkamshlutar gegna • vera meðvitaður um að hann ráði yfir líkama sínum • kunna að setja mörk og virða mörk annarra • leita sér upplýsinga varðandi kynfræðslu • tjá skoðanir sínar og tilfinningar á uppbyggilegan hátt.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum • taka ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar • taka ábyrgð á eigin lífsstíl • taka ígrundaðar ákvarðanir varðandi kynheilbrigði sitt • vera meðvitaður um að kynferðisleg tjáning getur verið mismunandi • taka ábyrgð á eigin kynhegðun • geta valið og hafnað í athöfnum og samskiptum.

Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.